




KÓPAVOGSBÆJAR
-Bæjarskipulag-

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri
Austurströnd 2

170 Seltjarnarnes



Kópavogur 4. nóvember 2005.

Úr fundargerðabók skipulagsnefndar Kópavogs 1. nóvember 2005.


05.589 Seltjarnarnes. Aðalskipulag. Endurskoðun.

Lögð fram tillaga að Aðalskipulagi Seltjarnarness 2006-2024.

Skipulagsnefnd Kópavogsbæjar gerir athugasemd við tillögu Seltjarnarnesbæjar að aðalskipulagi afréttar Seltjarnarneshrepps hins forna. Umrætt svæði liggur utan valdmarka Seltjarnarnesbæjar og hefur sveitarfélagið því ekki lögsögu né skipulagsvald á umræddu landsvæði. Afréttur Seltjarnarneshrepps hins forna er í sameign Kópavogsbæjar og Seltjarnarnesbæjar en umrætt svæði var ásamt jörðum í upphreppi fellt undir lögsögu Kópavogsbæjar við skipti á Seltjarnarneshreppi 1949. Skipulagsnefnd áskilur sér rétt til að gera frekari athugasemdir síðar.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 3. nóvember 2005 var bókun skipulagsnefndar staðfest.

Virðingarfyllst.


Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri

Afrit sent:

Geir A. Marelsson, lögmaður framkvæmda- og tæknisviðs Kópavogs, Fannborg
2, 200 Kópavogur